

# Skilatími í Hlaupastelpu

Kæru lesendur og auglýsendur

Nú er Hlaupastelpan gefin út á *fimmtudögum*

og því rennur skilafrestur auglýsinga út **á þriðjudögum**

**kl. 15:00. 😊**

ATH! Verð á auglýsingum

Verð hálfíðu er kr.2900.-m.vsk  
Verð heilsíðu er kr.3990.- m.vsk



## Húsaleigubætur – Námsmenn athugið!

Nú fara skólar að byrja og þeir námsmenn sem munu dvelja á heimavist eða leigja sér húsnæði í vetur eiga rétt á húsaleigubótum. Umsóknir þurfa að berast tímanlega til skrifstofu Þingeyjarsveitar eða eigi síðar en **15. dag fyrsta greiðslumánaðar.**

Til þess að hægt sé að afgreiða húsaleigubæturnar þarf sveitarfélagið jafnframt að fá frumrit af **þinglýstum húsaleigusamningi** auk **staðfestinga á námi.** Þeir sem eru að sækja um húsaleigubætur í fyrsta sinn þurfa jafnframt að framvísa **staðfestu afriti af skattframtali 2013.**

**Vinsamlegast athugið að hægt er að senda inn umsókn þó svo að nauðsynleg fylgigögn vanti.** Umsóknin gildir þá frá þeim degi sem hún berst skrifstofu sveitarfélagsins, en húsaleigubætur verða ekki afgreiddar fyrr en öll nauðsynleg gögn hafa borist.

Umsóknareyðublað má finna á [www.thingeyjarsveit.is](http://www.thingeyjarsveit.is) og á skrifstofu sveitarfélagsins við Kjarna. Nánari upplýsingar veitir Margrét í síma 464-3322 [margret@thingeyjarsveit.is](mailto:margret@thingeyjarsveit.is)

Skrifstofa Þingeyjarsveitar



## Áhugafólk um íslenska sveppi og sveppatínslu.

Guðríður Gyða Eyjólfsdóttir, sveppafræðingur hjá Akureyrarsetri Náttúrufræðistofnunar Íslands verður með kynningu á matsveppum og leiðir sveppatínslu næstkomandi þriðjudag 20. ágúst, kl. 17:00. Fólk hafi með sér hnifa og ílát.

Mæting við Kaffihúsið Ugluna kl 17:00. Eftir kynningu í Uglunni er farið í Vaglaskóg \ Hálsmela. Þá er komið til baka í Ugluna og sveppirnir smjörsteiktir og snæddir með nýbökðu brauði. Aðgangseyrir 1200 kr. Nánari upplýsingar í síma 860-2213.

*Skógræktarfélag Fnjóskdæla og Kaffihúsið Uglan.*



SVÉFNOKAGISTING - VEITINGAR - TJALDSVÉÐI - SUNDLAUG

## Sundlaug og grill kl. 11:00 - 22:00

Afgreiðslan opin til 24:00  
Sundlaug - tjaldstæði – gisting  
Veðiðleyfi í Langavatn og Kringluvatn  
Fjölbreyttar veitingar  
sími 464 3903  
[www.heidarbaer.is](http://www.heidarbaer.is)  
Seljum Veðikortið og Útilegukortið



## Uppskeru og sölumarkaður *Kaffihúsinu Uglunni*

Gamla Barnaskólanum Skógum Fnjóskadal

laugardaginn 17. og sunnudaginn 18. ágúst  
kl. 14:00 - 17:00

Þeir sem áhuga hafa á að vera með og selja handverk,  
sultur, uppskeruna úr garðinum eða annað þessa daga  
hafi samband í síma 849-8902.

**Bókamarkaður helgina 24. og 25. ágúst**

„Slædesmyndasýning“, 26. ágúst kl 20:00

Myndir teknar upp úr 1970 í Fnjóskadal og af  
fnjóskdælingum

**Kaffihúsið er opið frá 11:00 – 17:00**

Lokað virka daga frá og með 18. ágúst

*verið velkomin í notalegt hús  
í fallegu umhverfi*





## Frá sundlauginni á Laugum.



Ath. breyttan opnunartíma.

Frá og með mánud.19. ágúst verður sundlaugin  
opin sem hér segir.

Mánudaga til fimmtudags

frá kl 7:30 til 9:30 og frá 17:00 til 21:30.

Föstudaga 7:30 til 9:30 og laugardaga frá kl 15:00 til 18:00.

Kveðja frá starfsfólki.



## Fornir fimmtudagar –

### Náttúrurannsóknarstöðin við Mývatn

Næst komandi **fimmtudag, 15. ágúst klukkan 19:00** tekur Árni Einarsson forstöðumaður á móti gestum í húsnæði Náttúrurannsóknarstöðvarinnar í Mývatnssveit (við hliðina á Skjólbrekku). Þar munu gestir fræddir um starfsemi stöðvarinnar og þær rannsóknir sem þar eru stundaðar, m.a. í samvinnu við ýmsa háskóla, hér heima og erlendis.

Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.

Hið þingeyyska fornleifafélag.

## Sumargleði björgunarsveitarinnar

### Þingeyjar

Sumargleði félaga í björgunarsveitinni Þingey verður haldin laugardaginn 24. ágúst. Lagt verður af stað í óvissuferð frá Lækjamóti kl. 01:00 að staðartíma. Þar sem um óvissuferð er að ræða verða frekari upplýsingar ekki gefnar en það verður gaman...☺☺ Ferðin endar á kvöldverði að hætti Súperkokksins síkáta☺ sama dag!

Þáttökugjaldi verður stillt í hóf.

Tilkynna verður þáttöku fyrir þriðjudagskvöldið 20. ágúst til Óla í síma 868 7402, Kalla í síma 866 9737 eða Hlina í síma 867 9528.

**OG KOMA SVO.....**

## Átt þú ekki erindi við Vaxtarsamning Norðausturlands?

**Næsti umsóknarfrestur um stuðning úr Vaxtarsamningi  
Norðausturlands (VAXNA)  
er föstudaginn 30. ágúst nk.**

Hvetjum alla þá sem eru að huga að atvinnusköpun eða verkefnum sem til þess eru fallin að efla atvinnulíf og búsetuskilyrði á starfssvæði samningsins til að kynna sér skilmála hans.

Allar frekari upplýsingar og aðstoð við gerð umsókna veita starfsmenn atvinnuþróunarfélagsins en umsóknargögn og upplýsingar um skilmála samningsins er að finna á vefsíðu Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga

[www.atthing.is](http://www.atthing.is)



## FJÁRRÉTTIR

Skógarrétt í Reykjahverfi verður laugardaginn  
7. september kl.14:00.

Hraunsrétt í Aðaldal verður sunnudaginn  
8. september kl.10:00.

Fjallskilastjórar

32.tbl.  
15. ágúst  
2013  
20. árg.

## Hlaupastelpan

[hlaupastelpan@isl.is](mailto:hlaupastelpan@isl.is), s:4643366/gsm:8953386



## Bjarmahátíð Þriðjudaginn 20. ágúst

Kl. 13:30 Ganga á Hálshnjúk, við allra hæfi !

Kl. 14:00-17:00 Frítt í sund í Illaugastöðum

Kl. 16:00 Ganga um Trjásafnið í Vaglaskógi með leiðsögn (ca. 45 mín)

Kl. 19:00 Hjólað frá Mörk út á Bjarmavöll (börn yngri en 10 ára hafa fullorðinn með)

Kl. 20:00 Leikir og sprell á Bjarmavelli (ratleikur, húllakeppni o.fl.)

Kl. 21:00 Lautarferð við pallinn, nesti, spjall, tónlist og dans

Bjarmi býður ÖLLUM að taka þátt í fjörinu með okkur. Hægt er að velja að taka þátt í öllum dagskrárliðum eða einstökum. Ekki er skilyrði að vera skáður félagsmaður, skilyrði er að hafa góða skapið og gott að hafa smá nesti í lautarferðina.

Bjarmi minnir einnig á að Skógræktarfélag Fnjóskdæla og Kaffihúsið Uglan standa fyrir sveppafræðslu kl. 17:00 í Kaffihúsinu Uglunni.

Umf. Bjarmi